

KÓPUR V

Blað Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í Kópavogi

Útgefandi: VG í Kópavogi - Ábyrgðarmaður: Mireya Samper - Prentun: Litlaprent, Skemmuvegi 4, Kópavogi - 7. árgangur 1. tbl. 2008

Óskum Kópavogsbúum gleðilegs sumars!



Rauður 1. maí!

„Aðgerðaleysi er aðgerð“ sagði Svandís Svavarsdóttir á fundi Vinstri grænna á Akureyri um efnahagsmál fyrir nokkrum vikum síðan.

„Aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum er aðgerð sem er til þess fallin að láta fólkið í landinu borga reikninginn fyrir óstjórn, mistök og óhóf síðustu ára“.

Já, aðgerðaleysi er aðgerð. Og aðgerðaleysi er ekki bara gróf og róttæk aðgerð heldur er hún líka hluti af tiltekinni pólitík - pólitík sem ver þá sem allt eiga til alls en lætur harðindin bitna á þorra almennings.

„Markaðslögmálin koma öllum til góða, ríkið verður að stíga til hliðar“ er sagt um leið og bankar landsmanna, fiskurinn, síminn og fleira til er fært á silfurfati til vildarvina, einkavætt og selt. Þar fær gróðinn að hrúgast upp í djúpa vasa og fáa - þar til náttúrulega að illa árar. Þá allt í einu fær ríkisvaldið aftur hlutverk, og skattpeningur litla fólksins skal notaður til að redda óhófinu frá sjálfu sér.



Allir eru jafnir, skrifaði Orwell, en sumir eru jafnari en aðrir.

Efnahagstillögur VG sem lagðar voru fram fyrr á þessu ári fólu m.a. í sér að stórauka húsaleigu- og vaxtabætur og stórbæta kjör elli- og örorkulífeyrisþega; afnema komugjöld og sjúklingaskatta í heilbrigðiskerfinu og taka fyrir skólagjöld í opinberum skólum; efla fjárhagsstöðu sveitarfélaga og byggðarlaga sem berjast í bökum við að sinna grunnþjónustu við landsmenn; auka fjölbreytni og nýsköpun í atvinnumálum; bjóða skattfrjálsan sparnað og stór- auka gjaldeyrisvaraförða og eigið fé Seðlabankans - nokk-

uð sem allir hafa tekið undir en enn hefur ekki verið gert.

Tillögur VG voru og eru til þess gerðar að verja heimilin í landinu - verja heimilin í landinu sem búa nú við síharðnandi aðstæður - og styrkja velferðarkerfið sem hart er að sótt með aukinni markaðsvæðingu.

„Auður hinna auðugu skilar sér að lokum til annarra, allt þjóðarbúið græðir“ hefur verið sagt allan þann tíma sem landsmenn hafa horft upp á gegndarlausu sjálfstöku og misskiptingu auðs í íslensku samfélagi undanfarin ár.

En er það rétt, hefur þetta skilað sér? Er þitt líf betra? Er þitt líf betra - nú þegar upp er staðið og hreinsa þarf til af borðum íslenska góðæris-sukksins, borðum þeirra sem eru jafnari en aðrir?

Verðbólgan, vextirnir, skuldsetningin, viðskiptahallinn, tímaleysið, áhyggjurnar, misréttið - er þitt líf betra? Ef góðærið var ekki fyrir þig, fyrir hvern var það þá? Og ef það var fyrir þig en ekki fyrir nágrannann eða konuna eða barnið úti í bæ, er þá allt í lagi? Eru 138 þúsund krónur á mánuði í lagi? Og ef „góðærið“ síðasta var tekið út á kreditkortu komandi kynslóða, þeirra sem á eftir koma, er þá allt í lagi?

Staðreyndin er sú að aðgerðaleysi er aldrei í þágu þorra landsmanna.

Aðgerðaleysi er aðgerð í þágu hástéttanna, ekki annarra. Og staðreyndin er líka sú að bætt kjör og lífsgæði almenns launafólks hafa aldrei - aldrei - komið af sjálfu sér, aldrei fæðst af aðgerðaleysi heldur einungis af róttækum og samstilltum aðgerðum.

Alvöru, róttæk stéttabaráttu og samstaða launafólks gegn yfirgangi aðgerðaleysis, græðgisvæðingar, auðhyggju og misréttis er það sem íslenskt samfélag þarf á að halda í dag 1. maí 2008. Í dag - sem aðra daga.

Burt með aðgerðaleysið, burt með hagsmunatengslin, burt með friðþæginguna og hlýðnina við valdið, inn með baráttuandann og samstöðuna. Það er hún ein sem hingað

til hefur fært íslensku launafólki betra líf - og það er íslenskt launafólk sem hefur byggt upp íslenskt samfélag.

Velmegun á Íslandi er nefnilega afrakstur langrar og þrotlausrar baráttu fólksins sjálfs og samvinnu, en ekki afrakstur þessa auðmanns eða hins, þessa stjórnmalaflokks eða hins.

„Án frelsisbaráttu nitjándu aldar, án samvinnu og verkalyðsbaráttu tuttugustu aldar, án vinnusemi og skynsemi, án samhjálpar við samgöngur, raforkuvinnslu, menntastofnanir og heilsugæslu, værum við bláfátæk og brotin á sál og líkama.“

Samfélag jöfnuðar og réttlætis er boðskapur 1. maí og sagan setur öllu launafólki skyldur á herðar: Að glutra ekki niður baráttu þeirra sem á undan fóru - þeirra sem færðu fórnir til að tryggja rétt okkar kynslóðar til betra lífs - að gefa ekkert eftir heldur bera kyndilinn áfram og lengra. Gegn græðgisvæðingu, sjálfstöku og misskiptingu - með frelsi, jöfnuði og réttlæti.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir

Í þessu blaði:

Einkapotuisminn	2
Samkoma í Kópavogi 1. maí	2
Ný stjórn VG í Kópavogi	2
Líflegt félagsstarf VG í Kópavogi	2
Viðtal við Jónas Guðmundsson	3
Viðtal við Wojcieck Szewczyk	3
Almúgi/Valmúgi	3
Smágreinir af vettvangi bæjarmála	4

Minum á 1. maí-kaffi í Hamraborg 1, kl. 15.00

Leiðari:

Einkapotuisminn

„Einkabílisminn“ hefur verið umdeildur en þegjandi samkomulag virðist vera ríkjandi um hann meðal flestra landsmanna, þó ekki allra sem betur fer, það má sjá duglegt fólk á hjólum um alla borg og aðra sem nota strætó.

Nú kveður hins vegar svo við að „einkapotuisminn“ er að verða svo sjálfsagður að jafnvel ráðamenn og -konur Íslands geta ekki ferðast með sauðsvörtum al múganum.

Nei, það dugar ekki lengur að vera fínni en hinir og sitja á svo kölluðu Sagaclass hjá Icelandair, með extra þjónustu, nei mikill vill meira, nú verða allir að ferðast með einkapotu.

Liggur svona mikið á eða er þetta bara snobb? Er ekki alltaf verið að tala um að við lifum allt of hratt, það sé öllum óholtt og álagið sé að gera útaf við fólk. Við þurfum að hægja á, þetta er ekki beinlínis í áttina.

Ekki skulum við heldur gleyma að Ísland byggir ímynd sína á falletgri náttúru, náttúruvernd og hreinu lofti. Hvernig í ósköpunum á að samræma „einkapotuismann“ og þá ímynd. Því fleiri einkapotur, því ósamkvæmari sjálfum okkur verðum við, auk þess sem loft heimsins er ekki í einkaeign og verður ekki einkavætt eða úthýst hvernig sem Sjálfstæðismenn munu reyna það eins og við allt annað sem að almenningi snýr.

Þá má líka spyrja sig, hvar er „Fagra Ísland“ á skrifborði frú utanríkisráðherra, ætli þau skrif Samfylkingarinnar hafi bara óvart lent í rusladallinum og skúringarkonan á skrifstofum Alþingis bara hent þeim með hinu ruslinu? Já maður spyr sig!

Nei, við verðum að spyrna við fæti og benda á allt þetta ósamræmi auk þess sem það er verið að ráðstafa fé almennings, lofti almennings og ímynd landsins.



Mireya Samper.

Samkoma VG í Kópavogi 1. maí

Þann 1. maí verður opið hús í félagsheimili okkar að Hamraborg 1 í Kópavogi og verður boðið upp á kaffiveitingar, tónlist og skáldskap og hefst dagskráin kl. 15.00.

Ræðu dagsins flytur Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. Þá mætir „BEATUR takktjafstur“. Púriður Jónsdóttir flautuleikari og tónsmiður heimsækir okkur og flytur tónlist og Þórður Helgason skáld og hagröðingur kemur og fer með visur.

Ný stjórn VG í Kópavogi

Á aðalfundi í janúar sl. var kosin ný stjórn VG í Kópavogi, en í henni eru:

Mireya Samper, formaður
Guðbjörg Sveinsdóttir, varaformaður
Helgi Jóhannesson, gjaldkeri
Andri Erlingsson, ritari
Ásdís Jóhannesdóttir, meðstjórnandi
Varamenn:
Þóra Elfa Björnsson
Ólafur Þór Gunnarsson

Bæjarfulltrúi VG er Ólafur Þór Gunnarsson. Netfang hans er olafurthor@kopavogur.is
Varabæjarfulltrúi VG er Guðbjörg Sveinsdóttir. Netfang hennar er gudsve@gmail.com
Kópavogsbúar eru hvattir til að hafa samband við þau um bæjarmálin og segja skoðun sína um mál sem eru í brennid-
epli hverju sinni og annað sem tilefni gefst til.

Líflegt félagsstarf hjá Vinstri grænum í Kópavogi í vetur

Margt hefur verið á döfinni í vetur og hefur þar skipt miklu að nú hafa Vinstri grænir eignast sitt eigið félagsheimili að Hamraborg 1 í Kópavogi. Margvíslegar samkomur, atburðir og fundir hafa verið þar í vetur, t.d. stjórnmálaskóli, stjórnarfundir, súpukvöld, fundir eldri borgara í VG og bæjarmálaráðs.

Á hverjum mánudegi hefur bæjarmálaráð hist og farið yfir mál dagsins í bæjarstjórn, skipst á skoðunum og mótað stefnu til einstakra mála. Þessir fundir bæjarmálaráðs eru öllum opnir, alltaf heitt á könnunni og skemmtilegt spjall. Þráðurinn verður tekinn upp aftur í haust og hvetjum við alla til að mæta.

Í vetur hefur tvisvar í mánuði, á fimmtudagskvöldum, verið *Snætt* og *spjallað*, en þá hafa félagsmenn eldað léttan kvöldverð og gestir komið og haldið erindi um ýmis dægmál. Í kjölfarið hafa fylgt líflegar umræður.

Við viljum þakka öllum Kópavogsbúum sem heimsóttu okkur í félagsheimilið til að ræða málefni bæjarins og í *Snætt* og *spjallað* og vonumst til að sjá ykkur aftur næsta haust.

Hér má sjá nokkrar myndir frá skemmtilegum stundum í vetur.



Persónuleg þjónusta
og yfir 40 ára reynsla



Litla & Prent ehf
...við hugsum stórt

Skemmuvegi 4 / Kópavogi
Sími 540 1800 / litla@prent.is

Styrktarlínur:

Verkfræðistofa Erlends Birgissonar ehf.
Bæjarlind 4, 201 Kópavogur, sími 564 3322

ALARK

arkitektar ehf.

DALVEGI 18, 201 KÓPAVOGI
Sími: 534 8800 - Fax: 5348818
alark@alark.is - www.alark.is

Verkalýðsbaráttan fyrr og nú

Viðtal við Kópavogsbúann Jónas Guðmundsson

Jónas Guðmundsson er fyrrum verkamaður og núverandi ellilífeyrisþegi, hann hefur unnið á ýmsum stöðum um ævina og hefur upplifað margt. Við tókum hann tali og spurðum hann um hvernig það var að vera verkamaður áður fyrr, um verkalýðsforystuna og fleira.

Jónas byrjaði að vinna á höfninni í Reykjavík 18 ára gamall ásamt því að vera að vinna í frystihúsi; „Ég vann í frystihúsi á vegum sambandsins sem frysti fiskinn og flutti hann út ferskan og fékk vinnu á höfninni þegar það vantaði við tæmingu skipa, þá aðallega timburskip.“

Árið 1955 byrjaði Jónas svo að vinna hjá borginni og vann þar við allskyns störf eins og að moka skurði, gatnagerð og á ýmsum vélum eins og jarðýtu. Hjá borginni vann hann í fimmtán ár allt þar til hann hóf störf í byggingarvinnu, aðallega í Breiðholti. Í byggingarvinnunni var Jónas til 1991 þegar hann hóf störf fyrir Sorpu við stofnum þess fyrirtækis, þar vann hann aðallega á bælistöðvum þess í Garðabæ og Kópavogi. Þar vann hann til ársins 2003 þegar hann lét af störfum og lagðist í helgan stein. Hvað vinnu- aðstöðu varðar þá gefur hann



borginni og Sorpu góða dóma en byggingarvinnunni síðri; „Í byggingarvinnunni voru í mesta lagi litlir skúrar með litlum bekkjum fyrir mannskapinn og í mesta lagi lítið borð

fyrir mennina að borða nestið en hjá borginni voru góðar kaffistofur og hjá Sorpu fékkstu allt sem þurfti.“

Hvað finnst Jónasi um verkalýðsforystuna og nýju kjarasamningana?

„Í verkalýðsforystunni er minni kraftur miðað við hvernig hún var, menn voru vanir að fara á verkalýðsskrifstofurnar en það ber örugglega minna á því núna, baráttan er orðin öðruvísi, það fer allt í gegnum fjölmiðla og þeir geta komið því frá sér eins og þeir vilja. Tæknivæðingin hefur slitið sambandið á milli fólksins. Mín barátta liggur ekki lengur í þessum málaflokki og hef ég í raun ekki fylgst mikið með kjaramálum síðustu ára en ég held það sé erfiðara að vera í forystu nú en áður þar sem mörg félög séu nú sameinuð og þar að leiðandi stærri og fjölmennari. Hvað launin í dag varða hafa þau held ég ekki breyst mikið frá árum áður en í dag eru allavega lífeyrissjódir, orlof og sjúkradagar en þetta breyttist allt eftir að Dagsbrún kom fyrst.“

Jónas hefur alltaf verið vinstri maður og hefur stutt Vinstri græna frá stofnun flokksins en áður var hann í Alþýðubandalaginu. Eiginkona hans, Sigurrós Sigurjónsdóttir, er einnig í Vinstrihreyfingunni og var í öðru sæti Vinstri grænna í Kópavogi árið 2002 í sveitarstjórnarkosningunum.

Þau hafa búið í íbúð eldri borgara frá 1997 sem þau keyptu af byggingarmeistarunum.



Almúgi/Valmúgi

Út um rúður
í kirkjuturni má sjá
almúgann skipta litum

Sjá! Þarna fer bakarasonurinn
frá hvítri ull lambins
og inn í blóðpoll
fyrir neðan Rómverjann

Sjá! Þarna fer taugaveiklaði
og hóstandi rithöfundurinn
sem skrifar furðulegar sögur
í gegnum höfuð Gabriels og
endar við sverðsoddinn

Almúginn skiptir litum

Valmúginn
til að sjá hann
verðum við að stökkva
ná haldi á reipi
kirkjuklukkunnar

Hærra
upp á topp

Efst uppi, úti fyrir
sjáum við inn í efstu hæðirnar
þær eru allar einlitar
og reykmettaðar

Valmúginn
klæddur í refaskinn
með vúdú-dúkkur
milli handa

Á meðan
skiptir almúginn litum



Emil Hjörvar Petersen

Frá Póllandi til Íslands

Viðtal við Kópavogsbúann Wojciech Szewczyk

Við tókum hús á Wojciech Szewczyk sem flutti til landsins fyrir níu árum frá Póllandi og hefur síðan starfað hjá Íslandi við að slípa gler og spegla. Hann hefur alla tíð búið í Kópavogi og býr nú í vesturbænum ásamt Ewu konu sinni og dótturinni Malgorzata.

Wojciech hefur lengi haft áhuga á pólitík og starfaði í stjórnarmálaflokki í Póllandi og hugnast best sú stefna sem Vinstri grænir standa fyrir, en hann var í 10. sæti á lista flokksins í Suðvesturkjördæmi við alþingiskosningarnar árið 2007. Vinstri grænir berjast fyrir málstað þeirra sem minna mega sín og eiga á brattann að sækja. Mikilvægt er að þeir eigi sér sterka málsvara.

Á hvað eiga stéttarfélagin að leggja áherslu á í kjarabaráttu verkamanna? Það er tvímælalaust að hækka lægstu laun, en þau hafa ekki hækkað í nokkuð langan tíma. Hann sagðist nokkuð sáttur við launin sín og þau væru betri hér en í Póllandi. Á móti kemur að ýmsir hlutir eru dýrari hér, t.d. húsnæði og matur. Erfitt er að fá húsnæði hér og leiga á íbúðum er mjög há. Hann hafi sótt um íbúð hjá Félagsþjónustu Kópavogs fyrir 5 árum, en ekki fengið neina úrlausn enn í þeim málum. Launin duga fyrir nauðþurftum eins og húsaleigu, mat og fötum. Lítið er afgangur til annarra hluta og til að spara. Ég er mjög sáttur við stétt-

arfélagið mitt, Eflingu, sem hefur aðstoðað mig á margan hátt og standa stéttarfélagin hér mikið framur pólskum stéttarfélagum.

Hvernig gengur að aðlagast íslensku samfélagi?

Það hefur gengið vel hjá mér og minni fjölskyldu. Þeir nýbúar sem hafa tækifæri til og leggja sig fram um að læra íslensku falla betur inn í íslenskt samfélag. Í boði eru íslenskunámskeið t.d. hjá Snælandsskóla og hjá stéttarfélaginu Eflingu og hjá vinnu konu minnar og við höfum reynt að nýta okkur þau námskeið.

Hvað segir þú um veðrið og skammdegið?

Það var erfitt að venjast skammdeginu fyrstu árin en nú er ég farinn að venjast því. Mér finnst veðurfarið betra hér en í Póllandi þar sem ég átti heima. Þar gat verið -30 gráður á veturna og 30 gráður á sumrin og það átti ekki við mig. Ég kann betur við veðrið hér, hvorki kalt né heitt.

Af hverju flytjast Pólverjar til Íslands?

Það er fyrst og fremst í atvinnuleit og í leit að betri kjörum. Pólverjar eru heiðarlegt og duglegt fólk sem vill stunda sína vinnu og aðlagast íslensku samfélagi. Hins vegar er misjafn sauður í mörgu fé. Því miður er það svo að margir þeirra sem hingað vilja koma til að setjast að hafa komist í

kast við lögin í sínu heimalandi. Ég tel eðlilegt að Íslendingar séu á varðbergi í þessum málum og eðlilegt sé að gera kröfu um að saka-vottorði sé framvísað áður en dvalarleyfi er veitt og þá sem brjóta síðan lögin hér á landi á að senda til síns heima. Hins vegar held ég að hægja muni á straumi fólks frá Póllandi til Íslands á næstunni einkum vegna gengisfalls krónunnar auk þess sem staða mála í Póllandi hefur batnað.



Hefur fjölskyldan ferðast mikið um Íslandi?

Jú, við höfum gert það og farið í sumarþústað í Borgarfirði og á Suðurlandi og á næstunni fórum við til Akureyrar. Við eigum eftir að heimsækja marga og fallega staði hér á landi.

Ertu kominn til að vera á Íslandi til frambúðar?

Já okkur líkar vel hér á landi og höfum ákveðið að setjast hér að.

VG í Kópavogi þakkar Wojciech Szewczyk fyrir viðtalið og óskar honum og fjölskyldu hans góðs gengis í framtíðinni.

Smágreinar af vettvangi bæjarmála

Einingaverksmiðjan Borg með ólöglega starfsemi?

Í tvö ár hefur bæjarkerfið verið að reyna að fá forsvarsmenn Einingaverksmiðjunnar Borgar til að láta af sölu steypu í lausu, en fyrirtækið hefur leyfi til framleiðslu á steinsteyptum einingum. Heilbrigðisnefnd Kópavogs- og Hafnarfjarðarsvæðis hefur nú loks kveðið upp úr með það að fyrirtækið verði að hætta þessari starfsemi, en bæjaryfirvöld, íbúar og heilbrigðiseftirlitið höfðu áður margkvartað vegna starfseminna, og bæjaryfirvöld sýnt fyrirtækinu ótrúlegt langlundargeð. Enn sér þó ekki fyrir endann á þessari starfsemi og bæjaryfirvöld virðast vera máttvana gagnvart þessu fyrirtæki sem hvorki virðir vilja íbúa og bæjaryfirvalda né eigin starfsleyfi, eða þær reglur sem þeim eru settar.

Smáralindarsvæðið í brennidepli

Töluverðar umræður og vangaveltur hafa orðið að undanförunu um byggingarmagn á „Stór-Smáralindarsvæðinu“, en bærinn seldi 2006 byggingaréttinn á Glaðheimareitnum til tveggja aðila, Kaupangs og Rúmfatalagersins. Nú stendur fyrir að ákveða byggingarmagn á reitnum, og töluverður tími farið í það mál bæði innan bæjarstjórnar, í skipulagsnefnd og í samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Afstaða VG í málinu er að skoða verði allt svæðið í heild, þ.e. alla ó-

byggða reiti (Glaðheima, Nónhæð, svæðið sunnan Smáralindar og Dalveg) og gera sér grein fyrir hvernig umferðar og umhverfismál verða leyst áður en farið verður af stað. Einnig að vilji íbúanna á svæðinu verði tekinn til greina, og að byggingarmagn verði þannig að lífvænlegt verði á svæðinu. Þarna verða bæjaryfirvöld að hafa heildarsýn og á stundum að hafa vit fyrir verk-tökum, sem vilja auðvitað helst fá að byggja sem mest á sínum reit, og sjá þá ekki reiti annarra. Afstaða meirihlutans hefur því miður verið sami bútasamshugsunarhátturinn eins og átti að notast við á Kársnesinu, en var stöðvaður með öflugri samstöðu íbúanna. Nú eru uppi áform um uppbyggingu á svæðinu sem nemur hundruðum þúsunda fermetra, án þess að meirihlutinn sé til umræðu um að skoða hlutina í samhengi. VG mun áfram standa vaktina í þessu máli og halda málstað íbúanna og umhverfisins á lofti.

Nýr fundarsalur bæjarstjórnar og afgreiðsla bæjar-skrifstofa

Þriðjudaginn 22. apríl síðastliðinn fór fram fyrsti fundur bæjarstjórnar í nýjum sal, á 1. hæð Fannborgar 2. Eldri Kópavogsbúar þekkja húsið væntanlega sem félagsheimilið eða gamla félagsheimilið, en sögu þess lýkur í raun með þessum endurbótum. Aðstaða öll fyrir þjónustu við bæjarbúa batnar

til muna, sem og vinnuástaða starfsfólks bæjarins. Með fundarsalnum batnar aðstaða bæjarstjórnar til fundarhalds, og einnig aðstaða áheyrenda. Kostnaður liggur ekki endanlega fyrir, en eins og VG benti á í bæjarstjórn þann

23. mars er líklegt að heildarkostnaður fari töluvert fram úr áætlun eins og oft vill verða við endurbætur eldri húsa. En útkoman er ágæt, og VG hvetja bæjarbúa til að koma og fylgjast með fundum bæjarstjórnar í nýja salnum eða hlusta á beinar útsendingar frá fundunum. Næsti fundur verður 13. maí kl. 16.00, og fundurinn er sendur út á FM 98,3.

Félag eldri borgara brýnir bæjarstjórn

Félag eldri borgara samþykkti 3 ályktanir á aðalfundi sínum, m.a. um hjúkrunarrými og eflingu félagsþjónustu. Eldri borgarar vita sem er og finna á eigin skinni að bærinn gæti gert betur í þjónustu við þá. Eldri borgarar hvetja bæjarstjórn til að taka yfir mála-flokkinn, og eru þar sammála tillögu flutningi VG, m.a. frá febrúar 2007 sem og í kosningabaráttunni fyrir kosningar 2006.

Í tillögum FEBK kemur einnig fram að í Kópavogi eru færri hjúkrunarrými á íbúa heldur en í nokkru öðru sveitarfélagi á höfuðborgarsvæðinu. Staðan er þannig nú að í Kópavogi eru tæplega 800 íbúar 80 ára og eldri. 65 ára og eldri voru 3.365 um síðustu

áramót. Sl. 10 ár hefur eldri Kópavogsbúum fjölgað mikið, og 65 ára og eldri eru nú nær 3.400, eða 11,8%. Þetta er nákvæmlega sama tala og landsmeðaltal, svo vandinn er ekki að í Kópavogi sé eitthvað fleira af eldra fólki hlutfallslega en annars staðar.

Fjölgunin í þessum aldurshóp hefur verið tæp 60% sl. 10 ár, á sama tíma og Kópavogsbúum í heild hefur fjölgað um 44%. Fjöldi 80 ára og eldri, þ.e. þeirra sem að jafnaði þurfa mest á stofnavistun að halda eru nú rúmlega 750 manns, fjöldinn hefur meira en tvöfaldast á 10 árum, var innan við 350 fyrir 10 árum. Hjúkrunarrýmum hefur fjölgað um 11 á þessum tíma, úr 73 í 84 eða 15%.

Heilbrigðisáætlun til ársins 2010 gerir ráð fyrir að um 20% þeirra sem eru 80 ára og eldri, búi á stofnunum. Í Kópavogi eru aðeins rými fyrir 14% þessa hóps. Í Reykjavík er sambærileg tala 31%. Og ástandið er ekkert betra þegar horft er á stöðuna í dagvistar- og dagþjálfunarmálum, enn hallar verulega á okkar sveitarfélag hér er eitt pláss fyrir hverja 20 íbúa, í Rvk. eitt pláss fyrir hverja 12.

En hvað segja svona tölur okkur? Þær segja okkur að við verðum að hysja upp um okkur brækurnar í þessum efnunum, því það er nokkuð ljóst að það gerir það enginn fyrir okkur. Bæjaryfirvöld í Kópavogi verða að taka frumkvæðið og samþykkt ályktunar eins og

þeirrar sem VG lagði fram væri skref í þá átt.

VG flutti af þessu tilefni eftirfarandi ályktunar tillögu:

Bæjarstjórn Kópavogs lýsir stuðningi við það markmið að sveitarfélag taki yfir skipulagningu og starfrækslu öldrunarþjónustu, þar með talið heimahjúkrun og rekstur og fjármögnun hjúkrunarrýma. Bæjarstjórn áréttar að með flutningi slíkra verkefna til bæjarins þarf að fylgja fjármagn frá ríkinu. Bæjarstjórn Kópavogs lýsir sig reiðubúna til viðræðna við ríkisvaldið um flutning málaflokksins til sveitarfélagsins.

Í raun hefðu öll efni átt að vera til að samþykkja slíka tillögu, þar sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hefur þetta á stefnuskrá sinni og flokkarnir eiga 9 af 11 bæjarfulltrúum í Kópavogi. Tillögunni var hins vegar vísað til bæjarráðs og VG mun fylgja henni eftir þar.

Engin tillaga um óperuhús nógu góð

Niðurstöður í hönnunarsamkeppni vegna óperuhúss á Borgarholtinu voru kynntar fyrir skemmstu. Dómnefnd kemst að þeirri niðurstöðu að engin tillagnanna sé nógu góð, en tvær þeirra megi vinna áfram. Allar 3 tillögurnar eru um stór mannvirki sem munu þrängja mjög að þeim byggingum sem eru fyrir á holtinu og skyggja á Kópavogskirkju. VG telur að tillögurnar staðfesti að erfitt verði



Ólafur Þór Gunnarsson, læknir hefur verið bæjarfulltrúi VG í Kópavogi síðan 2006. Hann stendur þar vaktina og hefur komið með fjölmargar tillögur í bæjarstjórn um betri bæ og bættu þjónustu við íbúa Kópavogs í anda stefnu VG og sumar þeirra má sjá hér.

að koma fyrri húsi á þessum stað sem muni bæði njóta sín og virða holtið og þær byggingar sem þar eru fyrir. VG hafa marg benti á aðra möguleika í staðsetningu óperuhúss í Kópavogi og bókðu eftirfarandi í bæjarstjórn:

Framkomnar hugmyndir um óperuhús á Borgarholtinu staðfesta að ekki verður með góðu móti hægt að koma fyrir slíku mannvirki þar án þess að gjörbreyta ásynnd þess. Mjög verður þrængt að annarri starfsemi, bílastæðamál ekki leyst og gengið nærri friðlýstu svæði. Tillögurnar staðfesta að eigi að standa að byggingu óperuhúss í Kópavogi þarf að ætla slíku mannvirki það rými sem þarf. Það rými er ekki fyrir hendi við Borgarholtið. Vinstri græn hvetja eindregið til þess að eigi að halda áfram með verkefnið verði fundin önnur staðsetning sem tryggir að verkefnið fái þá reisn sem því ber án þess að skyggja á og skaða þá starfsemi sem fyrir er í bænum.

Skólanefnd samþykkir tillögu minnihlutans

Skólanefnd hefur nú ákveðið samhljóða að gerð verði, „fagleg úttekt á hlutverki, umfangi og verkefnum fræðsluskrifstofu Kópavogs“. Þetta vekur athygli og er fagnaðar efni, einkum í ljósi þess að meirihluti þessarar sömu nefndar hafði fellt samskonar tillögu þann 12.11.07 síðastliðinn með eftirfarandi rökum, „Meirihluti skólanefndar telur ekki ástæðu til að fara í úttekt á starfsemi skólanefndar og fræðsluskrifstofu“, en þá var tillagan flutt af minnihlutunum í nefndinni. Það er gleðilegt að sjá að meirihlutinn hafi þarna skipt um skoðun. Verkefni skólaskrifstofu og skólanefndar hafa vaxið til muna með fjölgun grunnskóla í bænum og breyttum lögum um grunnskóla og því vonandi að úttektin verði til að gera gott skólustarf í Kópavogi enn betra.

Nokkrar góðar ástæður til að heimsækja Kópavog



Salurinn, Tónlistarhús Kópavogs

Sími: 570 0400
www.salurinn.is




Náttúrufræðistofa Kópavogs

Sími: 570 0430
www.natkop.is




Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn

Sími: 570 0440
www.gerdarsafn.is



Kópavogur
Menning og listir

SKAPINN AUGLÝSINGASTOFNA



Bókasafn Kópavogs

Sími: 570 0450
www.bokasafnkopavogs.is



Sundlaug Kópavogs

Sími: 570 0470



Kópavogskirkja

Sími: 554 1898